

Nd.

907. Nefndarálit

um frv. til l. um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar vill ekki fallast á frumvarp þetta í þeirri mynd, sem það nú er. Við teljum ekki, jafnvel þó að ríkið setti á stofn ferðamannaskrifstofu, að þá væri þar með nauðsyn á að svipta þá, sem þegar hafa rekið ferðamannaskrifstofur hér, rétti til að halda þeirri starfsemi áfram. Hinar erlendu ferðamannaskrifstofur eiga að ráða því sjálfar, hvaða umboðsmenn þær hafa hér, og það getur orðið mjög hættulegt, ef ríkisvaldið ætlar að þvinga erlendar ferðamannaskrifstofur til að hafa hér aðra umboðsmenn en þær sjálfar vilja hafa. Gæti það leitt til þess, að ferðamannastraumur hingað til landsins minnkaði, því augljóst er, að hinar erlendu ferðamannaskrifstofur ráða mjög miklu um ferðamannastrauminn.

Við teljum hinsvegar æskilegt, að sett sé löggjöf, sem gengur í þá átt að tryggja það, að auglýsingastarfsemi fyrir Ísland sé sem mest, og á þann veg séu gerðar frekari tilraunir til þess að fá ferðamenn til að koma hingað til landsins. Þessi starfsemi getur vitanlega átt sér stað, þó að ríkið reki ekki ferðamannaskrifstofu, eða heimili öðrum einnig að reka slíkar skrifstofur. Við teljum einnig þarflegt að setja löggjöf, sem má verða til verndar því, að útlendir ferðamenn fái hér sem bestan aðbúnað og bestar leiðbeiningar. Við myndum því vera fúsir til að samþykkja löggjöf, sem gengi í þessa átt, en með því að aðaltilgangur þessa frumvarps virðist vera sá, að svipta þá, sem þegar hafa sett á stofn hér ferðamannaskrifstofur, rétti til að halda þeirri starfrækslu áfram, og skapa hér nýja ríkiseinokun, þá leggjum við til, að frumvarpið verði felld.

Alþingi, 19. des. 1935.

Garðar Þorsteinsson,
frsm.

Thor Thors.